The Group started preparing for employees in its Reykjavík office to work from home shortly after the first case of COVID-19 was diagnosed in Iceland in early 2020. The Group's response was to invest in furniture and hardware to ensure all employees could continue to work from home during general guaranties rules and limited social gatherings. Same preparations took place in London when similar limitations and rules were implemented in the United Kingdom. This response meant that in 2020 and 2021 all employees have been able to continue to work resulting in no or limited drop in productivity at both offices. The Group and its employees are well equipped to work from home and Management does not expect this to have material negative effect on operations.

Management is not expecting a material adverse impact of COVID-19 on the Group's finances. In the first year of the outbreak, the Group saw an increase in revenue related to individuals all over the world dedicating more time and resources to video games during the period of limited social gatherings or quarantines while 2021 has seen that revenue growth normalize as restriction were lifted globally. There are additional costs related to ensuring all employees can work from home, mostly in the form of additional IT hardware and furniture. This cost has already been incurred in 2020 so there is no or limited impact on 2021.

### 21. Non-cash transactions

During the current year, the Group acquired USD 580,079 (2020: USD 8,748,712) of Right-of-use assets under a lease contract and refinanced the borrowing of USD 50,000,000 which are not reflected in the Statement of Cash Flows.

### 22. Auditors' Fees

Auditors' fees are specified as follows:

	2021	2020
Audit of the financial statements.....	125.615	123.455
Review of interim financial statements.....	25.694	21.790
Other services.....	56.539	27.906
	<b>207.848</b>	<b>173.151</b>

# Pearl Abyss Iceland ehf.

---

Samstæðuársreikningur

---

## 2021

\* Þessi samstæðuársreikningur er þýðing á frumritinu sem er á ensku.  
Sé ósamræmi í þýðingu þá gildir textinn í ensku útgáfunni.

---

Pearl Abyss Iceland ehf.  
Bjargargata 1  
102 Reykjavík  
Kt. 660218-1570

# Pearl Abyss Iceland ehf.

---

Samstæðuársreikningur

---

## 2021

### **Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Eiginfjáryfirlit	10
Skýringar	11-33

---

# Skýrsla stjórnar

Pearl Abyss Iceland ehf. er eignarhaldsfélag stofnað árið 2018. Í október 2018 keypti félagið allar útgefna og útistandandi hlutabréf í CCP ehf. CCP ehf. hannar, þróar, markaðssetur og rekur tölvuleiki. Höfuðstöðvar eru á Íslandi en félagið á og rekur dótturfélög í Bretlandi, Kína og Bandaríkjunum.

## Rekstur ársins

Tekjur samstæðunnar á árinu 2021 námu 63,9 milljónum dollara í samanburði við 62,4 milljónum dollara árið á undan. Tap ársins samkvæmt rekstrarreikningi nam 8,0 milljónum dollara samanborið við tap upp á 1,7 milljónir dollara árið á undan. Aukinn þróunarkostnaður samhliða því að þróunarverkefni samstæðunnar eru komin á framleiðslustig er aðal ástæðan fyrir breytingu í afkomu milli ára. Eignir í árslok voru 289,8 milljónir dollara, eigið fé 194,1 milljón dollara og eiginfjárhlutfall 67%. Starfsmenn samstæðunnar voru 350 talsins í árslok til samanburðar við 301 í upphafi árs.

Á árinu 2021 gaf samstæðan út fjórar ársfjórðungslegar viðbætur fyrir EVE Online sem fólu í sér margvíslegar uppfærslur og endurbætur fyrir aukna upplifun leikmanna, þar á meðal sjónrænar uppfærslur, uppfærða útgáfu af handbók fyrir leikmenn og endurbætt hæfileikakerfi. Í júní opnaði samstæðan formlega EVE Academy, upplýsingavef sem er hannaður til að aðstoða nýja leikmenn með áframhaldandi framþróun í EVE Online eftir að þeir hafa lokið við kennsluverkefni í leiknum. Í september var síðan gefin út endurbætt kennsluverkefni fyrir nýja leikmenn sem kenna nauðsynlega eiginleika og stjórnþæki EVE Online sem gerir þeim kleift að dafna á meðal stjarnanna.

Á síðasta ársfjórðungi 2021 kynnti samstæðan EVE Online fyrir nýrri kynslóð leikmanna með útgáfu leiksins í Epic Games vefversluninni ásamt því að gefa út útgáfu af leiknum sem styður Mac tölvur og nýtir öfluga vinnslukjarna Apple fyrir grafík.

Í febrúar slógu leikmenn EVE Online enn og aftur heimsmet sem skráð var í heimsmetabók Guinness þegar háður var gríðarlegur bardagi þar sem meira en 5.000 leikmenn börðust í bardaga um yfirfráð yfir ákveðnum svæðum í EVE Online sem leiddi til þess að yfir 3.400 skip töpuðust í bardaga sem jafngildir meira en 378,000 dollurum í tap. Fyrri metið var einnig sett af EVE Online árið 2014.

Í ágúst var snjalltækjaleikurinn EVE Echoes, sem var þróaður af NetEase í nánu samstarfi við samstæðuna, formlega gefinn út í Alþýðulýðveldinu Kína í kjölfar þess að hafa verið gefinn út við góða móttökur á heimsvísu árið 2020.

Viðbrögð samstæðunnar við COVID-19 heimsfaraldrinum hafa einblínt á að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina, einna helst með því að tryggja það að allir starfsmenn samstæðunnar geti unnið heiman frá sér og með því að fella niður viðburði fyrir spilara. Ekki er gert ráð fyrir því að COVID-19 heimsfaraldurinn muni hafa veruleg neikvæð áhrif á starfsemi samstæðunnar. Frekari upplýsingar um áhrif COVID-19 má finna í skýringu 20.

Stjórn félagsins gerir ekki tillögu til úthlutunar arðs til hluthafa á árinu 2022. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í samstæðuársreikningi.

Í upphafi árs sem og í lok árs var Pearl Abyss Corp. eini hluthafi félagsins.

## Ófjárhagsleg upplýsingagiöf

Samstæðan er skilgreint sem stórt félag skv. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Í samræmi við 66 gr. (d). í lögum um ársreikninga skal samstæðan því veita nauðsynlegar upplýsingar til að meta þróun, umfang, stöðu og áhrif þess í tengslum við umhverfis-, samfélags-, og starfsmannamál, stefnu samstæðunnar í mannréttindamálum, hvernig hún spornar við spillingar- og mútumálum auk hnitmiðaðar lýsingar á viðskiptamódeli samstæðunnar og fleira.

Samstæðan leggur áherslu á jafnrétti og hefur innleitt verklagsreglur til að tryggja jafnrétti og útrýma mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, aldurs, trúar, fötlunar, kynhneigðar eða þjóðernis. Í árslok voru 23% starfsmanna samstæðunnar kvenmenn samanborið við 22% árið á undan. Stefna samstæðunnar er að sýna ekkert umburðarlyndi gagnvart neinskonar áreiti og hefur veitt stjórnendum og starfsmönnum viðeigandi þjálfun tengt því. Samstæðan býður starfsmönnum upp á að tilkynna hvers kyns áreiti í gegnum þriðja aðila, Siðferðisgáttina. Samstæðan er aðili að IGI – samtökum leikjaframleiðenda og fylgir sáttmála þeirra um örugga vinnustaði.

## Skýrsla stjórnar (framhald)

---

Í nóvember tilkynnti samstæðan að hún hefði aftur verið vottuð sem „best workplace“ af Great Place to Work®, alþjóðlegri stofnun um vinnustaðamenningu. CCP var fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að fá þessa vottun árið 2020. Árlega fær samstæðan jafnlaunavottun þar sem staðfest er að hún greiðir starfsmönnum sínum sömu laun fyrir sambærileg störf óháð kyni eða þjóðerni. Samstæðan framkvæmir reglulega vinnustaðagreiningar og hefur að jafnaði komið vel út í samanburði við önnur fyrirtæki. Starfsmannavelta var 16,9% á árinu samanborið við 14,9% árið á undan.

Samstæðan er meðvitun um umhverfisspor starfsemi sinnar og vinnur markvist að því að draga úr því. Samstæðan fylgir verkferlum um flokkun á úrgangi frá starfsemi sinni. Samstæðan býður starfsmönnum samgöngustyrk til að hvetja til notkunar á öðrum umhverfisvænni samgöngumátum. Samstæðan safnar ekki gögnum til að mæla árangur sinn.

Samstæðan stykir fjölbreytta samfélagsstarfsemi á hverju ári með styrkjum til félagasamtaka og einstaklinga. Samstæðan hefur um nokkurra ára skeið stutt við tölvunarfræðideild bæði við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Samstæðan skipuleggur reglulega "PLEX for GOOD" góðgerðarherferðir með leikmannasamfélagi sínu til stuðnings ýmsum góðgerðarmálum.

Samstæðan hélt í samstarfi við Háskóla Íslands netnámskeið sem ber heitið Friendship Machine: Forming a New Type of Human Connection. Námskeiðið kafar ofan í vísindin á bak við vináttu, hvernig tölvuleikir eru að þróast sem afþreyingarform og jákvæð og neikvæð áhrif tölvuleikja á mannleg tengsl með því að nota innsýn frá EVE Online samfélaginu.

Í maí voru CCP og Massively Multiplayer Online Science (MMOS) útnefnd sem People's Voice sigurvegarar í flokknum Leikir: Opinber þjónusta, aktívismi og félagsleg áhrif á 25. árlegu Webby verðlaununum sem viðurkenning fyrir framlag EVE Online Project Discovery til COVID-19 rannsókna. Á tímabilinu júní 2020 til maí 2021 sendu 327.000 leikmenn EVE Online yfir 115 milljónir gagnasendinga sem sparaði vísindamönnum yfir 330 ár af rannsóknum til að skilja hvernig COVID-19 hefur áhrif á blóðfrumur og ónæmiskerfi mannsins.

Stefna samstæðunnar er að stunda öll sín viðskipti á heiðarlegan og siðferðilegan hátt. Samstæðan fylgir stefnu um ekkert umburðarlyndi gagnvart mútum og spillingu og hefur sett sér það að koma fram faglega, heiðarlega og af sanngirni í öllum sínum viðskiptum og samstarfi. Samstæðan fylgir lögum sem snúa að því að vinna gegn mútum og spillingu í öllum lögsögum sem það starfar í. Þetta á bæði við um starfsmenn samstæðunnar sem og verkataka.

### Stjórnarhættir

Stjórn Pearl Abyss Iceland ehf. leggur áherslu á að viðhalda stjórnarháttum í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Nasdaq Íslandi og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórn félagsins starfar eftir skriflegum starfsreglum sem samþykktar hafa verið af stjórn. Starfsreglurnar taka til málefna eins og úthlutunar á ábyrgð, heimilda til ákvarðanatöku innan stjórnar, hagsmunaaárekstra, trúnaðar og annarra málefna tengdum stjórnun félagsins.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á innra eftirliti með það að markmiði að tryggja skilvirkni og virkni rekstrarins, áreiðanleika fjárhagsskýrslugerðar og að starfssemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og innri stefnu. Til að tryggja að reikningsskil félagsins séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla leggur félagið áherslu á vel skilgreindar skyldur, aðgreiningu starfa sem og reglulega skýrslugerð og gagnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrslugerð og yfirferð á einstökum rekstrareiningum eru mikilvægir þættir í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum félagsins. Stjórnin yfirfer reglulega skýrslugjöf yfir árið.

# Skýrsla stjórnar (framhald)

---

Áhættustýring er endurskoðuð reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins. Með þjálfun starfsmanna og verklagsreglum stefnir félagið að ögudu eftirliti þar sem starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð. Rekstraráættu er mætt með því að fylgjast með viðskiptum og að lögum sé fylgt.

Samkvæmt samþykktum félagsins fer stjórn með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin ákveður stefnu félagsins og fylgir eftir lykilverkefnum í starfsemi þess. Rekstraráætlun er lögð fyrir stjórnina til staðfestingar og fylgist stjórnin reglulega með framvindu hennar innan ársins.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra félagsins og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Engar undirnefndir hafa verið stofnaðar af stjórninni.

## Yfirlýsing stjórnar

Samstæðuársreikningur Pearl Abyss Iceland ehf. er gerður í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga og er gerður í dollurum (USD).

Það er mat stjórnar að reikningsskilaaðferðir samstæðunnar séu við hæfi og samstæðuársreikningur félagsins innihaldi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa glögga mynd af eignum og skuldum samstæðunnar, fjárhag og rekstrarafkomu auk helstu áhættuþátta og óvissu sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Reykjavík, 7. apríl 2022

Stjórn:

Seokwoo Joh

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Pearl Abyss Iceland ehf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Pearl Abyss Iceland ehf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

### Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
  - Rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2021.
  - Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
  - Sjóðstreymi fyrir árið 2021.
  - Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2021.
  - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

### Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðaregla sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar á samstæðuársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.



# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 7. apríl 2022.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Bryndís Björk Guðjónsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýr.	2021	2020
Tekjur af aðalstarfsemi .....		63.846.968	62.356.447
Aðrar tekjur .....		22.926	19.479
	4	63.869.894	62.375.926
Kostnaðarverð seldra vara .....		(4.690.569)	(5.827.970)
<b>Framlegð</b>		59.179.325	56.547.956
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Rannsókn- og þróunarkostnaður .....		(37.316.789)	(27.347.073)
Útgáfukostnaður .....		(4.359.334)	(4.289.102)
Markaðskostnaður .....		(14.193.039)	(12.285.406)
Annar rekstrarkostnaður .....		(18.051.289)	(18.532.811)
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>		(73.920.451)	(62.454.392)
Önnur afkoma .....	7	5.307.144	5.971.078
<b>Rekstrarhagnaður / (tap)</b>		(9.433.982)	64.642
Fjáreignatekjur .....	6	4.961	118.362
Fjármagnsgjöld .....	6	(2.127.983)	(2.876.739)
Gengismunur .....	6	(209.700)	(1.288.624)
<b>Hagnaður / (tap) fyrir skatta</b>		(11.766.704)	(3.982.359)
Tekjuskattur .....	8	3.722.688	2.316.968
<b>Hagnaður / (tap) ársins</b>		(8.044.016)	(1.665.391)
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
Þýðingarmunur dótturfélaga .....		121.336	351.706
<b>Heildarafkoma samtals</b>		(7.922.680)	(1.313.685)

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	3.887.156	3.924.307
Leigueignir .....	11	9.246.472	10.203.168
Viðskiptavild .....	10	141.736.709	141.736.709
Aðrar óefnislegar eignir .....	10	88.134.934	93.981.269
Frestuð tekjuskattsinneign .....	15	10.909.332	7.990.017
Aðrar eignir .....		471.272	357.691
		<u>254.385.875</u>	<u>258.193.161</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	12	4.694.687	4.429.628
Aðrar skammtímakröfur .....	12	10.876.660	9.641.628
Handbært fé .....		19.807.902	28.307.630
		<u>35.379.249</u>	<u>42.378.886</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>289.765.124</u>	<u>300.572.047</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	13	189.904.982	189.904.982
Þýðingarmunur .....	13	1.043.223	921.887
Lögbundinn varasjóður .....	13	1.355.212	1.355.212
Óráðstafað eigið fé .....	13	1.816.168	9.860.184
Eigið fé samtals		<u>194.119.585</u>	<u>202.042.265</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Leiguskuldir .....	11	8.898.720	9.979.037
Lántökur .....	14	50.000.000	0
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	17.657.279	18.854.450
Önnur langtímahlunnindi starfsmanna .....		326.057	409.434
		<u>76.882.056</u>	<u>29.242.921</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		3.276.798	3.523.734
Viðskiptaskuldir við tengda aðila .....	19	245.000	1.025.998
Næsta árs afborganir af leiguskuldum .....	11	1.458.735	1.464.053
Næsta árs afborganir af lántöku .....	14	0	50.000.000
Frestaðar tekjur .....	16	7.025.915	7.027.546
Skattar til greiðslu .....		15.903	115.155
Aðrar skammtímaskuldir .....	17	6.741.132	6.130.375
		<u>18.763.483</u>	<u>69.286.861</u>
Skuldir samtals		<u>95.645.539</u>	<u>98.529.782</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>289.765.124</u>	<u>300.572.047</u>

# Sjóðstreymi

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður/(tap) ársins .....		(8.044.016)	(1.665.391)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	6	2.090.524	4.047.001
Tekjuskattur .....	8	(3.722.688)	(2.316.968)
Afskriftir .....	9,10,11	8.776.575	8.292.046
Aðrir liðir .....		(6.376)	(97.482)
		<u>(905.981)</u>	<u>8.259.206</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Lækkun/(hækkun) á rekstrartengdum kröfum .....		(1.409.400)	(4.626.597)
Hækkun/(lækkun) á rekstrartengdum skuldum .....		(596.835)	3.587.821
		<u>(2.912.216)</u>	<u>7.220.430</u>
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>			
Innborgaðar vaxtatekjur .....		4.961	118.362
Greidd vaxtagjöld .....		(2.047.393)	(3.219.863)
Endurgreiddir/(greiddir) skattar .....		(742.589)	(192.191)
		<u>(5.697.237)</u>	<u>3.926.738</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	(1.181.955)	(3.305.271)
Keyptar óefnislegar eignir .....	10	(153.414)	(9.136)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		10.392	29.462
		<u>(1.324.977)</u>	<u>(3.284.945)</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Afborganir leiguskulda .....		(1.490.359)	(975.285)
		<u>(1.490.359)</u>	<u>(975.285)</u>
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé .....		(8.512.573)	(333.492)
Handbært fé í ársbyrjun .....		28.307.630	28.562.775
Gengismunur vegna handbærs fjár .....		12.845	78.347
Handbært fé í árslok .....		<u>19.807.902</u>	<u>28.307.630</u>

## Eiginfjáryfirlit

	Fjöldi útstandandi hluta*	Hlutafé	Þýðingarmunur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Staða í upphafi árs 2020</b>	22.221.384.000	189.904.982	570.181	1.355.212	11.525.575	203.355.950
Tap ársins.....	0	0	0	0	(1.665.391)	(1.665.391)
Þýðingarmunur.....	0	0	351.706	0	0	351.706
Heildarafkoma samtals.....	0	0	351.706	0	(1.665.391)	(1.313.685)
<b>Staða í lok árs 2020</b>	22.221.384.000	189.904.982	921.887	1.355.212	9.860.184	202.042.265
Tap ársins.....	0	0	0	0	(8.044.016)	(8.044.016)
Þýðingarmunur.....	0	0	121.336	0	0	121.336
Heildarafkoma samtals.....	0	0	121.336	0	(8.044.016)	(7.922.680)
<b>Staða í lok árs 2021</b>	22.221.384.000	189.904.982	1.043.223	1.355.212	1.816.168	194.119.585

\*Hver hlutur er ein íslensk króna

## 1. Almennar upplýsingar

Pearl Abyss Iceland ehf. (samstæðan) er einkahlutafélag með heimilisfesti á Íslandi. Aðalstarfsemi samstæðunnar er hönnun, þróun, markaðssetning, sala og rekstur tölvuleikja. Samstæðan á allan höfundarétt og hugverkarétt vegna EVE Online, Dust 514, EVE Valkyrie, EVE Gunjack og Sparc. Samstæðan starfrækir eftirfarandi skrifstofur: CCP ehf. og CCP Platform ehf. í Reykjavík, CCP Norht America Inc. í Atlanta, CCP Games UK Ltd. í London og CCP Information Technology CO Ltd. í Shanghai.

Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikninga félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er í heild sinni til sem samstæðunnar. Lista yfir dótturfélögin er að finna í skýringu 19. Ársreikningur samstæðunnar er hluti af samstæðuársreikningi Suður Kóreska félagsins Pearl Abyss Corp. sem er skráð félag í kauphöll í Suður Kóreu og er afkoma og fjárhagsstaða samstæðunnar innifalin í þeim reikningsskilum.

## 2. Nýir reikningsskilastaðlar

### 2.1 Staðlar og túlkanir sem taka gildi á núverandi og fyrri tímabilum

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við nýja og endurútgefna staðla (IFRS / IAS) og nýjar túlkanir (IFRIC) sem tekið hafa gildi á árinu 2021. Nýir og breyttir staðlar sem tóku gildi 1 janúar 2021 hafa ekki veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

## 3. Reikningsskilareglur

### 3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

### 3.2 Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Pearl Abyss Iceland ehf. fyrir árið 2021 byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar langtíma starfsmanna tengd hlunnindi. Kostnaðarverð byggir alla jafna á gangvirði endurgjalds sem gefið er í skiptum fyrir eign. Hann er í bandarískum dollurum (USD), sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins, og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum dollurum nema þar sem annað er tilgreint.

### 3.3 Endurflokkun

Ákveðnar fjárhæðir í reikningsskilum fyrra tímabils hafa verið endurflokkaðar til samræmis við framsetningu núverandi reikningsskila. Þessar endurflokkningar höfðu engin áhrif á áður birta afkomu.

### 3.4 Mat og ákvarðanir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðin eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Breytingar á mati eru færðar þegar þær eiga sér stað.

## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.5 Grundvöllur samstæðu

#### 3.5.1 Sameiningar fyrirtækja

Samstæðan gerir grein fyrir sameiningum fyrirtækja með kaupaðferð þegar hin keypta starfsemi og tengdar eignir uppfylla skilgreininguna á fyrirtæki og yfirråd hafa færst yfir til samstæðunnar. Við mat á því hvort tiltekin starfsemi og tengdar eignir sé fyrirtæki horfir samstæðan til þess hvort eiginnar og starfsemin innihaldi, að lágmarki, innflæði og talsferðan feril sem felur í sér framleiðslu á gæðum.

Það sem innt er af hendi við yfirtöku er almennt metið á gangvirði sem og þær aðgreinanlegu eignir og skuldir sem yfirteknar eru. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt árlega á viðskiptavild sem verður til við yfirtöku. Hagnaður sem myndast þegar kaupverð er lægra en hreinar eignir við yfirtöku er færður strax í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema ef hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Skilyrtar viðbótargreiðslur eru færðar á gangvirði á kaupdegi. Flokkist skilyrt viðbótargreiðsla sem eigið fé er hún ekki endurmetin og fer uppgjör hennar fram innan eigin fjár. Annars eru breytingar á gangvirði skilyrtrar viðbótargreiðslu færðar í rekstrarreikning samstæðunnar.

#### 3.5.2 Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirråd. Yfirråd grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af árfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfirråd nást og þar til þeim lýkur.

#### 3.5.3 Yfirråd ekki lengur til staðar

Þegar samstæðan missir yfirråd yfir dótturfélagi afskráir hún eignir og skuldir dótturfélagsins ásamt tengdum minnihluta, sá hann til staðar, ásamt öðrum liðum meðal eigin fjár. Afleiddur hagnaður eða tap eru fært í rekstrarreikning. Ef félagið á ennþá eignarhlut í dótturfélaginu er hann metinn á gangvirði þegar yfirråd tapast.

#### 3.5.4 Viðskipti felld út við gerð samstæðureikningsskila

Stöðum og viðskiptum ásamt óinnleystum tekjum og gjöldum (að undanskildum hagnaði og tapi af gengisumreikningi) sem stafa af viðskiptum innan samstæðunnar eru felld út við gerð samstæðureikningsskila. Óinnleystur hagnaður sem stafa af viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út á móti fjárfestingunni til jafns við hlutdeild samstæðunnar í félaginu. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti en aðeins að því marki ekki sé til staðar vísbending um virðisrýrnun.

## 3.6 Áhættustýring

Stjórn samstæðunnar vinnur eftir áhættustýringu sem miðar að því að greina þær áhættur sem samstæðan stendur frammi fyrir. Samstæðan hefur notað afleiðusamninga (aðallega framvirka samninga um kaup á gjaldmiðlum) til að verja sig gegn gengisbreytingum tengdum ákveðnum skuldbindingum og áætluðum viðskiptum. Engir afleiðusamningar eru til staðar á árinu. Gengisáhætta er vegna langtímalána. Slíkum skuldbindingum er stýrt af aðalskrifstofu samstæðunnar og almenn stefna er að festa langtímavexti eftir því sem samstæðan telur viðeigandi.

## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.7 Tekjur

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar vara hefur verið afhent eða þjónusta innt af hendi í samræmi við reikningsskilareglur.

#### 3.7.1 Premium aðgangur

Tekjur af premium aðgangi eru færðar línulega yfir áskriftartímabil. Greiðsla fyrir valið áskriftartímabil (1, 3, 6 eða 12 mánuði) er innheimt við upphaf áskriftartímabils. Óinnleistar tekjur vegna áskrifta eru færðar sem frestaðar tekjur meðal skammtímaskulda.

#### 3.7.2 Leikjagjaldmiðill

Tekjur af sölu leikjagjaldmiðils eru færðar þegar samstæðan hefur uppfyllt samningsskyldu sína og þjónusta hefur verið innt af hendi. Tekjur af sölu leikjagjaldmiðils sem ekki hefur verið notaðar eru færðar sem frestaðar tekjur meðal skammtímaskulda.

#### 3.7.3 Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar samstæðan hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu og engar óuppfylltar skyldur koma í veg fyrir að kaupandi samþykki móttöku vörunnar.

#### 3.7.4 Þóknunir

Þóknunir eru færðar þegar þær falla til í samræmi við skilmála samninga. Þóknunir sem ákveðnar eru á grundvelli gildistíma eru tekjufærðar línulega á gildistíma samnings. Þóknunir á grundvelli sölu eða annara mælikvarða eru tekjufærðar í samræmi við ákvæði samninga.

#### 3.7.5 Leyfi

Tekjur af leyfum eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirbyggjandi samninga. Leyfi sem gilda til ákveðins tíma eru tekjufærð línulega á samningstímanum.

## 3.8 Gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli eru upphaflega skráð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum eru á síðari tímabilum uppreiknaðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Breytingar á gengi gjaldmiðla eru færðar í rekstrarreikning.

Gengisskráning frá Arion banka er notuð til að umreikna viðskipti í erlendri mynt.



## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.9 Skattar

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður í ársreikninginn. Skattskyldur hagnaður er frábrugðinn reikningshaldslegum hagnaði í rekstrarreikningi því í honum felast ekki tekjur og gjöld sem verða skattskyld eða frádráttarbær á síðari tímabilum né óskattskyldar tekjur og ófrádráttarbær gjöld. Tekjuskattur félaga á Íslandi er 20%.

Frestaður tekjuskattur samstæðunnar er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar.

Frestuð tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímabudninna skattskyldra mismuna og frestuð tekjuskattsinnæign er færð svo framarlega sem líklegt er að framtíðarhagnaður verði nýttur á móti eigninni eða skattalegu tapi félagsins.

### 3.10 Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samstæðunnar samanstanda af vaxtatekjum, vaxtagjöldum, arði og gengismun af fjáreignum og fjárskuldum í erlendum gjaldmiðlum.

Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur samstæðunnar til móttöku arðsins liggur fyrir.

Virkir vextir eru það hlutfall sem afvaxtar áætlaðir framtíðargreiðslur á væntum líftíma fjármálagernings að:

- bókfærðu verði fjáreignar; eða
- afskrifuðu kostnaðarverði fjárskuldar.

Við útreikninga á vaxtatekjum og vaxtagjöldum eru virkir vextir notaðir við útreikning á bókfærðu verði eigna (sem ekki hafa verið færðar niður) eða á afskrifað kostnaðarverð skulda. Ef fjáreignir hafa verið færðar niður eftir upphaflega færslu þeirra eru virkir vextir reiknaðir miðað við afskrifað kostnaðarverð fjáreignarinnar. Ef ekki er lengur þörf á niðurfærslu kröfu eru vaxtatekjur aftur færðar miðað við upphaflegt mat fjáreignarinnar.

### 3.11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun ef hún er til staðar. Kostnaðarverð felur í sér beinan kostnað við öflun fastafjármuna. Kostnaður sem fellur til síðar er færður til hækkunar á kostnaðarverði eignar eða færður sem sérstæð eign eftir því sem við á og líklegt er að efnahagslegur ávinningur vegna notkunar eignarinnar renni til samstæðunnar og hægt er að mæla hann með áreiðanlegum hætti. Bókfært verð eigna sem skipt er út fyrir nýjar er fært í rekstrarreikning. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði að frádregnu hrakvirði með línulegri aðferð á líftíma eignanna:

Innréttingar og tæki	3 - 5 ár
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	3 ár

Nýtingartími, hrakvirði og afskriftaraðferðir varanlegra fastafjármuna eru endurmetnar í lok hvers árs og afskriftaraðferð breytt ef þörf er á. Nýtingartími innréttinga og tækja í leiguhúsnaði verður ekki lengri en leigutími húsnaðsins.

Hagnaður eða tap af sölu eða úreldingu varanlegra fastafjármuna er fært í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap er mismunur á bókfærðu virði eignar og söluvirði hennar.

## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.12 Óefnislegar eignir

Keyptar óefnislegar eignir eru bókfærðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Óefnislegar eignir eru afskrifaðar línulega á líftíma þeirra. Samtæðan endurmetur áætlaðan líftíma og afskriftaraðferð í lok hvers reikningsskilatímabils, breytingar vegna líftíma eða afskriftaraðferða hafa áhrif á síðari tímabil.

Keypt viðskiptavild er bókfærð á kostnaðarverði og er með óendanlegan líftíma og því ekki afskrifuð línulega. Rannsókn- og þróunarkostnaður er gjaldfærður á því tímabili þegar hann fellur til.

Óefnislegar eignir eru afskráðar við sölu eða þegar ekki er gert ráð fyrir frekari efnahagslegum ávinningi í framtíðinni af notkun þeirra eða sölu. Hagnaður eða tap sem stafar af afskráningu óefnislegrar eignar, mældur sem mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar, er fært í rekstrarreikning þegar eignin er afskráð.

### 3.13 Virðisrýrnun

Í lok hvers reikningsskilatímabils metur samtæðan hvort til staðar eru vísbendingar um virðisrýrnun varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að ákvarða hvort virðisrýrnun hafi átt sér stað. Þegar ekki er mögulegt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna er lagt mat á eininguna sem eignin tilheyrir í heild sinni eða hóp eininga ef ekki er hægt að skipta öðrum eignum niður á einingar með áreiðanlegum hætti. Virðisrýrnunarpróf vegna óefnislegrar eigna með óendanlegan líftíma og óefnislegra eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun er framkvæmt árlega og þegar vísbendingar eru um að virðisrýrnun hafi átt sér stað.

Virðisrýrnunarpróf vegna óefnislegrar eigna með óendanlegan líftíma og óefnislegra eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun er framkvæmt árlega og þegar vísbendingar eru um að virðisrýrnun hafi átt sér stað.

Endurheimtanleg fjárhæð er það sem hærra er af gangvirði að frádregnum sölukostnaði eða virði í notkun. Við mat á virði í notkun er vænt framtíðarsjódstreymi núvirt með ávöxtunarkröfu án skatta sem endurspeglar markaðsaðstæður og áhættu tengdri eigninni sem ekki hefur verið tekið tillit til í væntu framtíðarsjódstreymi.

Ef endurheimtanleg fjárhæð eignar (eða einingar) er talin lægri en bókfærði virði hennar er bókfært virði hennar lækkað sem því nemur. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning nema eignin hafi verið endurmetin en þá færir virðisrýrnun sem lækkan á endurmati.

Þegar virðisrýrnun er ekki lengur til staðar er bókfært virði eignarinnar hækkað miðað við nýtt mat á endurheimtanlegri fjárhæð en þó ekki hærra en það sem bókfærð verð hefði verið ef virðisrýrnun hefði ekki verið færð. Bakfærsla á virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning nema eignin hafi verið endurmetin áður þá er bakfærsla virðisrýrnunar færð á endurmatsreikning.

### 3.14 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið hefur skuldbindingu, lagalega eða ætlaða, vegna atburða í fortíð, líklegt er talið að þörf verði á ústreymi fjármuna félagsins til þess að hægt sé að gera upp skuldbindinguna og hægt er að meta fjárhæð skuldbindingarinnar á áreiðanlegan hátt. Fjárhæð færðra skuldbindinga er besta mat á á reikningsskiladegi á þeim fjármunum sem áætlað er að þurfi til að gera upp skuldbindinguna að teknu tilliti til áhættu og óvissu vegna skuldbindinga. Þegar skuldbinding er metin útfrá væntu sjódstreymi er bókfært virði núvirði af því sjódstreymi. Ef samtæðan gerir ráð fyrir að fá alla skuldbindinguna eða hluta hennar endurgreidda er endurgreiðslan færð sem aðskilin eign. Þetta er aðeins gert þegar endurgreiðsla er nánast örugg og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.15 Styrkir frá stjórnvöldum

Styrkir frá stjórnvöldum eru færðir á gangvirði þar sem tryggt þykir að styrkurinn verði móttækin og samstæðan muni uppfylla öll nauðsynleg skilyrði.

Ríkisstyrkir sem tengjast kostnaði eru færðir í rekstrarreikning yfir það tímabil sem nauðsynlegt er til að jafna þeim á móti kostnaðinum sem þeim er atlað að bæta.

### 3.16 Fjáreignir og fjárskuldir

#### 3.16.1 Færsla og upphaflegt mat

Viðskiptakröfur og útgefin skuldabréf eru upphaflega skráð við útgáfu. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru skráðar þegar samstæðan verður aðili að skilmálum undirliggjandi samninga.

Fjáreign (nema um sé að ræða viðskiptakröfu án verulegs fjármögnunarþáttar) eða fjárskuld er upphaflega metin á gangvirði að viðbættum eða frádregnum, nema þegar eignir og skuldir eru metnar á FVP, viðskiptakostnaði sem rekja má beint til kaupa á eigninni eða útgáfu skuldarinnar. Viðskiptakrafa án verulegs fjármögnunarþáttar er upphaflega metin á verði í viðskiptunum.

#### 3.16.2 Flokkun og síðara mat

Við upphaflega skráningu eru fjáreignir flokkaðar sem metnar á; afskrifuðu kostnaðarverði, gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu – skuldabréf; gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu – hlutabréf; og gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Upphaflegri flokkun fjáreigna er ekki breytt nema félagið breyti viðskiptatilgangi fjárfestingarinnar. Í þeim tilfellum eru allar fjáreignir sem verða fyrir þeim áhrifum endurflokkaðar á fyrsta degi þess fjárhagstímabils sem kemur á eftir því þegar viðskiptatilganginum er breytt.

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef hún uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði og hefur ekki verið flokkuð sem metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- henni er haldið í þeim viðskiptatilgangi að innheimta af henni samningsbundnar greiðslur; og
- skilmálar hennar fela í sér eingöngu greiðslur á höfuðstól og vöxtum af höfuðstól á ákveðnum gjaldddögum.

Fjárfesting í skuldabréfi er metin á gangvirði með breytingum í gegnum aðra heildarafkomu ef hún uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði og hefur ekki verið flokkuð sem metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- ef viðskiptatilgangi hennar er náð annað hvort með því að innheimta af henni samningsbundnar greiðslur eða með sölu; og
- skilmálar hennar fela í sér eingöngu greiðslur á höfuðstól og vöxtum af höfuðstól á ákveðnum gjaldddögum.

Við fyrstu skráningu hlutabréfafjárfestingar sem ekki er haldið til sölu getur samstæðan ákveðið með óafturkallanlegum hætti að birta síðari breytingar á gangvirði fjárfestingarinnar meðal annarrar heildarafkomu (OCI). Þessi ákvörðun er gerð fyrir hverja staka fjárfestingu.

Allar fjáreignir sem ekki eru flokkaðar sem metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði yfir aðra heildarafkomu (FVOCI) eru metnar á gangvirði (FVPL). Öll afleiðuviðskipti eru metin á gangvirði. Við fyrstu skráningu getur samstæðan ákveðið með óafturkallanlegum hætti að flokka fjáreign sem metna á gangvirði, þó svo hún uppfylli skilyrði fyrir því að vera flokkuð sem metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði yfir aðra heildarafkomu, ef það eyðir eða dregur verulega úr mismæmi sem annars gæti orðið í reikningsskilum samstæðunnar.

Fjárskuldir eru flokkaðar sem metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði gegnum rekstur. Fjárskuld er flokkuð sem metin á gangvirði gegnum rekstur ef henni er haldið til sölu, er afleiða eða skilgreind þannig við fyrstu skráningu.

Fjármálagerningar samstæðunnar eru eingöngu fjáreignir og fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Þessir fjármálagerningar eru á síðari tímabilum metnir á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Komi til virðisrýmnunar lækkar hún kostnaðarverð fjáreignanna. Vaxtatekjur og vaxtagjöld, gengismunur og virðisrýrnun eru færð í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap sem myndast við sölu eða afskráningu er fært í rekstrarreikning.

## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.16.3 Eignir færðar út

#### Fjáreignir

Samstæðan færir út fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til sjóðsflæðis eignarinnar rennur út eða færist til annars aðila í viðskiptum þar sem samningsbundið sjóðsflæði færist til annars aðila og ávinningur og áhætta af fjáreigninni færist til annars aðila.

#### Fjárskuldir

Samstæðan færir út fjárskuldir þegar samningsbundar skyldur hafa verið uppfærðar, afturkallaðar eða eru útrunnar. Samstæðan færir fjárskuldir einnig út þegar skilmálar breytast og sjóðsflæði hinnar breyttu fjárskuldar breytist verulega. Í þeim tilvikum er ný fjárskuld færð upp miðað við gangvirði skuldarinnar samkvæmt breyttum skilmálum.

Þegar fjárskuldir eru færðar út er mismunur á bókfærðu virði og greiðslu (að meðtöldu virði annarra eigna en handbærs fjár) fært í rekstrarreikning.

### 3.16.4 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir eru sýndar nettó í ársreikningi þegar, og aðeins þegar, samstæðan hefur lagalegan rétt til að jafna eignir á móti skuldum og ætlar að gera þær upp á þann máta eða innleysa eignina og greiða skuldina samtímis.

## 3.17 Hlunnindi starfsmanna

### 3.17.1 Skammtíma hlunnindi starfsmanna

Skammtíma hlunnindi starfsmanna eru gjaldfærð þegar þjónustan er veitt. Samstæðan færir upp skuld vegna samningsbundina greiðslna sem falla til á seinni tímabilum en þjónustan sem starfsmaðurinn veitir og hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti.

### 3.17.2 Framlög í iðgjaldatengda lílfeyrissjóði

Framlög í iðgjaldatengda lílfeyrissjóði eru gjaldfærð á sama tíma og þjónusta starfsmanna er veitt.

### 3.17.3 Önnur langtíma hlunnindi starfsmanna

Hrein skuldbinding samstæðunnar vegna langtíma hlunninda starfsmanna er sú fjárhæð framtíðar hlunninda sem starfsmenn hafa unnið sér inn gegn þjónustu sinni á núverandi og fyrri tímabilum. Þessi hlunnindi eru núvirt. Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær myndast.

## 3. Reikningsskilareglur (framhald)

### 3.18 Leigusamningar

Við upphaf samnings metur samstæðan hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning. Samningur er eða inniheldur leigusamning ef samningurinn felur í sér rétt til að stjórna notkun auðkenndrar eignar yfir tíma í gegn greiðslu.

#### Sem leigutaki

Við upphaf eða við breytingu á samningi sem inniheldur leigubátt úthlutar samstæðan endurgjaldinu á hvern leigubátt hlutfallslega út frá verðmæti hvers þáttar. Þegar kemur að leigusamningum fasteigna hefur samstæðan hins vegar kosið að aðgreina ekki þá þætti sem eru innifaldi í leigunni og gerir því grein fyrir leigubáttunum saman.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði, sem samanstendur af upphæð leiguskuldar leiðrétt fyrir öllum leigugreiðslum sem gerðar voru á eða fyrir upphafsdag auk alls beins kostnaðar í upphafi leigusamnings og áætlaðs kostnað við að koma eigninni í upprunalegt horf við skil að frádrögnum mótteknum afsláttum á leigu.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafsdegi til loka leigutímans nema leigugreiðslur feli í sér yfirfærslu á eignarhaldi undirliggjandi eignar til samstæðunnar vil lok leigtímans eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að samstæðan ætli sér að nýta kauprétt á eigninni. Í slíkum tilfellum er leigueignin afskrifuð yfir væntan líftíma eignarinnar, sem er metinn á sama hátt og með aðra varanlega rekstrarfjármuni. Leigueignin getur breyst vegna virðisrýrnunar eða ákveðina breytinga á leiguskuldinni.

Leiguskuld er upphaflega metin á núvirði leigugreiðslna sem ekki eru þegar greiddar á upphafsdegi, núvirt með þeim vöxtum sem felast í leigunni eða, ef ekki er hægt að ákvarða þá vexti, vaxtakröfu samstæðunnar. Almennt notar samstæðan vaxtakröfu sína til núvirðingar.

Samstæðan ákvarðar vaxtakröfu sína með því að afla sér upplýsinga um vexti frá ytri fjármögnunaraðilum og gerir ákveðnar leiðréttingar til að endurspeglar skilmála leigusamningsins og tegund eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru taldar með í mati á leiguskuldinni samanstanda af eftirfarandi:

- Fastar leigugreiðslur, þ.m.t. greiðslur sem eru efnislega fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur sem eru tengdar vísitölu eða gengi, upphaflega metnar á vísitölu eða gengi eins og það var á upphafsdegi samnings;
- Greiðslur sem gert er ráð fyrir að falli til vegna ábyrgðar á hrakvirði eigna;
- Greiðslur vegna kaupréttar sem samstæðan telur mjög líkegt að nýta sér, greiðslur vegna framlengingar á leigusamningi ef samstæðan telur mjög líklegt að nýta sér slíkt ákvæði og bætur vegna uppsagnar á samning fyrir lok samingstíma nema samstæðan teljið það mjög ólíklegt að hún muni segja samingnum upp.

Leiguskuldin er metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar það er breyting á framtíðar leigugreiðslum vegna vísitölu eða gengis, ef það verður breyting á mati samstæðunnar á greiðslu vegna ábyrgðar á hrakvirði eignar, ef samstæðan breytir mati sínu á því hvort hún muni nýta sér kauprétt, ákvæði um framlengingu eða kauprétt eða ef það er breyting á greiðslum sem eru efnislega fastar.

Þegar leiguskuldin er endurmetin á þennan hátt er gerð samsvarandi leiðrétting á bókfærðu verði leigueignarinnar eða fært í rekstrarreikning ef bókfært verð leigueignarinnar hefur verið lækkað að núlli.

#### Skammtímaleiga og leiga á eignum með lágt verðmæti

Samstæðan hefur kosið að skrá ekki leigueign og leiguskuld vegna leigu á eignum sem eru með lágt verðmæti eða stuttan leigutíma, þar með talið leigu á tölvubúnaði. Samstæðan færir leigugreiðslur í tengslum við slíka leigusamninga til gjalda línulega yfir leigutímann.

# Skýringar

## 4. Starfsþátta- og landfræðilegar upplýsingar

Starfsemi samstæðunnar felst í að þróa og selja tölvuleiki sem spilaðir eru á internetinu og samstæðan er skoðuð sem einn starfsþáttur útfra því hvernig stjórnendur horfa á rekstur samstæðunnar við mat á frammistöðu. Stjórnendur samstæðunnar horfa til upplýsinga frá samstæðunni niður á helstu titla framleiðslu og taka ákvarðanir byggð á því. Allar afurðir samstæðunnar eru sambærilegar með tilliti til fjárhags, framleiðslu og dreifingar og viðskiptamannagrunnur er alþjóðlegur.

Tekjur samstæðunnar greinast þannig:

	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Tekjur af tölvuleikjum.....	53.828.649	55.847.272
Þóknanir og leyfi.....	10.037.682	6.516.373
Vörusala.....	3.563	12.281
	<b>63.869.894</b>	<b>62.375.926</b>

### 4.1 Landfræðilegar upplýsingar

Samstæðan starfar aðallega á þremur landsvæðum, Norður Ameríku, Evrópu og Asíu. Tekjur samstæðunnar frá þriðja aðila byggð á landfræðilegri skiptingu er að finna hér fyrir neðan. Önnur landsvæði samanstanda af Suður og Mið Ameríku, Karabíska, Afríku, Ástralíu og Eyjaálfu, þ.e. suðurhveli jarðar.

Samstæðan er með heimilisfesti á Íslandi. Tekjur frá ytri viðskiptavinum á Íslandi námu USD 121.414 (2020: USD 157.196). Meirihluti tekna samstæðunnar koma frá viðskiptavinum utan Íslands. Tekjur á Íslandi eru taldar með í tekjutölum fyrir Evrópu.

Tekjur samstæðunnar greinst þannig eftir starfssvæðum:

	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Norður Ameríka.....	31.419.579	33.361.767
Evrópa.....	17.195.347	17.005.723
Asía.....	12.891.383	9.518.983
Önnur landsvæði.....	2.363.585	2.489.453
	<b>63.869.894</b>	<b>62.375.926</b>

### 4.2 Upplýsingar um helstu viðskiptavini

Tekjur frá einum viðskiptamanni námu USD 10,037,682 (2020: USD 6.510.601) af heildartekjum samstæðunnar.

# Skýringar

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	<u>2021</u>	<u>2020</u>
Laun.....	32.905.939	27.558.055
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	4.029.273	2.955.956
Annar starfsmannakostnaðar.....	4.576.838	4.010.423
	<u>41.512.050</u>	<u>34.524.434</u>
Meðalfjöldi stöðugilda.....	335	301

## 6. Fjáreignatekjur / (fjármagnsgjöld)

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

	<u>2021</u>	<u>2020</u>
<b>Fjáreignatekjur:</b>		
Vaxtatekjur.....	4.961	118.362
	4.961	118.362
<b>Fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtagjöld .....	(1.885.786)	(1.850.741)
Ábyrgðargjöld .....	(242.197)	(1.025.998)
	(2.127.983)	(2.876.739)
Gengismunur .....	(209.700)	(1.288.624)
Hreinar fjáreignatekjur / (fjármagnsgjöld) .....	<u>(2.332.722)</u>	<u>(4.047.001)</u>

## 7. Önnur afkoma

Önnur afkoma sundurliðast þannig:

	<u>2021</u>	<u>2020</u>
Opinberir styrkir .....	5.298.235	5.865.654
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna .....	8.909	36.668
Annað .....	0	68.756
	<u>5.307.144</u>	<u>5.971.078</u>

Það eru engin óuppfyllt skilyrði eða önnur óvissa tengd þessum styrkjum.

# Skýringar

## 8. Tekjuskattur

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður í ársreikninginn. Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi nemur USD 3.722.688 (2020: USD 2.316.968).

Tekjuskattur:	<u>2021</u>	<u>2020</u>
Tekjuskattur ársins		
Núverandi ár .....	(32.931)	(116.996)
Breytingar á mati sem tengjast fyrri árum .....	(152)	(11.542)
Frestaður tekjuskattur		
Breytingar á tímabundnum mismunum .....	3.755.771	2.445.506
	<b><u>3.722.688</u></b>	<b><u>2.316.968</u></b>

Virkt tekjuskattshlutfall greinist þannig:

	<u>2021</u>		<u>2020</u>	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður/(tap) fyrir skatta .....	(11.766.704)		(3.982.359)	
Tekjuskattur 20% .....	2.353.341	20,0%	796.472	20,0%
Óskattskyldar tekjur og hagnaður:				
Óskattskyldar tekjur .....	1.056.004	9,0%	1.155.959	29,0%
Ófrádráttarbær kostnaður:				
Gengismunur á frestuðum tekjuskatti .....	(20.897)	(0,2%)	(55.508)	(1,4%)
Önnur ófrádráttarbær gjöld .....	(26.803)	(0,2%)	(26.693)	(0,7%)
Afdráttarskattur á öðrum landsvæðum .....	0	0,0%	(98.730)	(2,5%)
Niðurfærsla skattaagna .....	304.379	2,6%	623.916	15,7%
Aðrir liðir .....	56.664	0,5%	(78.448)	(2,0%)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<b><u>3.722.688</u></b>	<b><u>31,6%</u></b>	<b><u>2.316.968</u></b>	<b><u>58,2%</u></b>



# Skýringar

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar og tæki	Tölvubúnaður og áhöld	Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2020.....	5.596.374	16.324	35.415	5.648.113
Viðbætur á árinu.....	3.305.271	0	0	3.305.271
Selt á árinu og niðurlagt á árinu.....	(425.328)	(16.324)	0	(441.652)
Þýðingarmunur.....	114.465	0	0	114.465
<b>Kostnaðarverð í árslok 2020</b>	<b>8.590.782</b>	<b>0</b>	<b>35.415</b>	<b>8.626.197</b>
Viðbætur á árinu.....	1.181.955	0	0	1.181.955
Selt á árinu og niðurlagt á árinu.....	(72.824)	0	0	(72.824)
Þýðingarmunur.....	(26.889)	0	0	(26.889)
<b>Kostnaðarverð í árslok 2021</b>	<b>9.673.024</b>	<b>0</b>	<b>35.415</b>	<b>9.708.439</b>
<b>Uppsafnaðar afskriftir</b>				
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun 2020.....	4.036.089	16.324	35.415	4.087.828
Afskriftir.....	959.269	0	0	959.269
Selt á árinu og niðurlagt á árinu.....	(425.230)	(16.324)	0	(441.554)
Þýðingarmunur.....	96.347	0	0	96.347
<b>Uppsafnaðar afskriftir í árslok 2020</b>	<b>4.666.475</b>	<b>0</b>	<b>35.415</b>	<b>4.701.890</b>
Afskriftir.....	1.217.704	0	0	1.217.704
Selt á árinu og niðurlagt á árinu.....	(68.809)	0	0	(68.809)
Þýðingarmunur.....	(29.502)	0	0	(29.502)
<b>Uppsafnaðar afskriftir í árslok 2021</b>	<b>5.785.868</b>	<b>0</b>	<b>35.415</b>	<b>5.821.283</b>
<b>Bófært virði:</b>				
Í lok árs 2020.....	3.924.307	0	0	3.924.307
Í lok árs 2021.....	3.887.156	0	0	3.887.156
Afskriftir skiptast þannig á liði rekstrarreiknings:				
			<b>2021</b>	<b>2020</b>
Rannsókn- og þróunarkostnaður.....			163.306	120.418
Útgáfukostnaður.....			11.450	16.247
Markaðskostnaður.....			20.929	23.751
Annar rekstrarkostnaður.....			1.022.019	798.853
			<b>1.217.704</b>	<b>959.269</b>

Tryggingaverðmæti tölvubúnaðar, tækja og annarra varanlegra fastafjármuna nemur USD 4.724.775.

# Skýringar

## 10. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður	Arðar Óefnislegar eignir	Viðskiptavild	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2020.....	401.769	107.083.000	141.736.709	249.221.478
Viðbætur.....	9.136	0	0	9.136
Þýðingarmunur.....	(9.230)	0	0	(9.230)
<b>Kostnaðarverð í árslok 2020</b>	<b>401.675</b>	<b>107.083.000</b>	<b>141.736.709</b>	<b>249.221.384</b>
Viðbætur.....	153.414	0	0	153.414
Selt á árinu og niðurlagt á árinu.....	(65.616)	0	0	(65.616)
Þýðingarmunur.....	15	0	0	15
<b>Kostnaðarverði í árslok 2021</b>	<b>489.488</b>	<b>107.083.000</b>	<b>141.736.709</b>	<b>249.309.197</b>
<b>Uppsafnaðar afskriftir</b>				
Kostnaðarverð í ársbyrjun 2020.....	356.209	7.128.433	0	7.484.642
Afskriftir.....	45.561	5.982.433	0	6.027.994
Þýðingarmunur.....	(9.230)	0	0	(9.230)
<b>Uppsafnaðar afskriftir í árslok 2020</b>	<b>392.540</b>	<b>13.110.866</b>	<b>0</b>	<b>13.503.406</b>
Afskriftir.....	17.145	5.982.433	0	5.999.578
Selt á árinu og niðurlagt á árinu.....	(65.616)	0	0	(65.616)
Þýðingarmunur.....	186	0	0	186
<b>Uppsafnaðarafskriftir í árslok 2021</b>	<b>344.255</b>	<b>19.093.299</b>	<b>0</b>	<b>19.437.554</b>
<b>Bókfært virði:</b>				
Í lok árs 2020.....	9.135	93.972.134	141.736.709	235.717.978
Í lok árs 2021.....	145.233	87.989.701	141.736.709	229.871.643

Afskriftir og niðurfærsla óefnislegra eigna skiptist þannig á liði rekstrarreiknings:

	2021	2020
Rannsókn- og þróunarkostnaður.....	5.982.433	5.982.433
Annar rekstrarkostnaður.....	17.145	45.561
	<b>5.999.578</b>	<b>6.027.994</b>

Aðrar óefnislegar eignir samanstanda af EVE vörumerki, höfundar- og hugverkarétti og viðskiptasamböndum.

Sjóðsskapandi eining er minnsti auðgreinanlegi hópur eigna sem skilar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð sjóðstreymi frá öðrum eignum eða eignaflokkum. Starfsemi samstæðunnar snýst alfarið um þróun EVE vörumerkisins og að þjónusta viðskiptavini EVE vörumerkisins. Samstæðan er því talin ein sjóðsskapandi eining.

Endurheimtanlegt virði er áætlað út frá notkunarvirði sjóðsskapandi einingarinnar og er reiknað út frá núvirtu sjóðstreymi. Sjóðstreymið er byggt á fimm ára rekstrarspá þar sem framtíðarvöxtur er áætlaður 2,0% eftir fimm ára tímabilið. Sjóðstreymið var núvirt með 11,4% WACC.

Áætlað endurheimtanlegt virði er hærra en bókfært verð viðskiptavildar og annarra óefnislegra eigna og því er engin þörf á virðisrýmun í lok árs 2021.

Aðrar óefnislegar eignir eru afskrifaðar á áætluðum líftíma:

Hugbúnaður.....	1 - 3 ár
Aðrar óefnislegar eignir.....	5 - 30 ár

# Skýringar

## 11. Leigusamningar

Eftirfarandi fjárhæðir eru færðar á efnahagsreikning vegna leigusamninga:

<b>Leigugeignir - Fasteignir</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Staða í upphafi árs.....	10.203.168	2.787.285
Viðbætur.....	580.079	8.748.712
Afskriftir ársins.....	(1.559.293)	(1.304.783)
Uppsögn leigusamnings.....	0	(120.233)
Þýðingarmunur.....	22.518	92.187
Staða í lok árs.....	<b>9.246.472</b>	<b>10.203.168</b>

<b>Leiguskuld</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
Langtímahluti.....	8.898.720	9.979.037
Skammtímahluti.....	1.458.735	1.464.053
	<b>10.357.455</b>	<b>11.443.090</b>

Eftirfarandi fjárhæðir eru færðar í rekstrarreikning vegna leigusamninga:

	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Afskrift leigugeignar (innifalin í öðrum kostnaði).....	1.559.293	1.304.783
Vaxtagjöld (innifalin í fjármagnsgjöldum).....	661.720	514.259
Kostnaður vegna skammtíma leigusamninga (innifalin í öðrum kostnaði).....	103.367	556.278

Yfirlit yfir sjóðsstreymi sýnir eftirfarandi sjóðsstreymi vegna leigusamninga:

	<b>2021</b>	<b>2020</b>
Greiðslur vegna leigusamninga samtals.....	2.152.079	1.489.544

# Skýringar

## 12. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur .....	4.074.276	3.453.218
Greiðslukortakröfur .....	620.411	976.410
	<b>4.694.687</b>	<b>4.429.628</b>

Viðskiptakröfur að ofan eru flokkaðar með lánnum og kröfum og eru því færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Meðalgreiðslufrestur er 26 (2020: 22) dagar. Niðurfærsla er vegna viðskiptakrafna sem byggir á mati á töpuðum viðskiptakröfum. Stjórnendur telja að bókfærð virði eigna samsvari gangvirði þeirra.

Viðskiptakröfur að ofan innihalda fjárhæðir sem eru fallnar í gjalddaga (sjá aldursgreiningu að neðan) á reikningsskiladegi en hafa ekki verið færðar niður þar sem ekki er talin þörf á niðurfærslu.

Aldursgreining viðskiptakrafna	31.12.2021	31.12.2020
Ógjaldfallnar og án virðisrýrnunar .....	4.694.687	4.429.628
Fallnar í gjalddaga en án virðisrýrnunar		
30-90 daga.....	0	0
	<b>4.694.687</b>	<b>4.429.628</b>

Í lok árs var engin niðurfærsla á viðskiptakröfum.

Við mat á innheimtu krafna er horft til breytinga á tapshættu frá viðskiptadegi til reikningsskiladags. Tapshætta er takmörkuð þar sem viðskiptamannagrunnur er breiður. Stjórnendur telja ekki þörf á frekari niðurfærslu viðskiptakrafna.

Niðurfærsla og afskrift viðskiptakrafna er færð í rekstrarreikning sem annar rekstrarkostnaður. Fjárhæðir á niðurfærslureikningi eru gjaldfærðar þegar engar væntingar eru um innheimtu kröfunnar.

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur.....	553.501	911.305
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	3.239.731	2.461.403
Greiddur fjármagnstekjuskattur.....	3.986	15.876
Kröfur vegna styrkja.....	6.913.905	6.090.394
Aðrar kröfur.....	165.537	162.650
	<b>10.876.660</b>	<b>9.641.628</b>

# Skýringar

## 13. Eigið fé

### Hlutfé

Hlutfé skiptist þannig:

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Hlutfé .....	189.904.982	189.904.982

Útistandandi hlutir námu USD 189.904.982 í árslok (2020: USD 189.904.982). Nafnverð hvers hlutar er ein íslensk króna.

Hlutfé samanstendur af:

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
22.221.384.000 hlutabréfum í A flokki (2020: 22.221.384.000) .....	189.904.982	189.904.982

Breytingar á hlutfé:

	<u>Heildarfjöldi hluta*</u>	<u>Hlutfé</u>	<u>Yfirverðs- reikningur</u>	<u>Útgefið hlutfé</u>
Staða í upphafi árs 2020.....	22.221.384.000	189.904.982	0	189.904.982
Hlutfé í lok árs 2020.....	<u>22.221.384.000</u>	<u>189.904.982</u>	<u>0</u>	<u>189.904.982</u>
Hlutfé í lok árs 2021.....	<u>22.221.384.000</u>	<u>189.904.982</u>	<u>0</u>	<u>189.904.982</u>

\*Hver hlutur er ein íslensk króna

### Lögbundinn varasjóður

Leggja skal ákveðin hundraðshluta af hagnaði ársins í lögbundinn varasjóð þar til hann nemur 25% af hlutfé. Leggja skal til 10% af hagnaði þar til varasjóðurinn nemur 15% af hlutfé og síðan 5% af hagnaði þar til hann nemur 25% af hlutfé.

### Þýðingarmunur

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Staða í upphafi árs.....	921.887	570.181
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga.....	121.336	351.706
Staða í árslok.....	<u>1.043.223</u>	<u>921.887</u>

Fjárhæðir í efnahagsreikningum dótturfélaga, utan hlutafjár og óráðstafaðs eigin fjár, sem eru í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli móðurfélagsins (USD) eru umreiknaðar á síðasta skráða gengi í lok ársins. Hlutfé dótturfélaga er metið á upphaflegu kaupverði, en óráðstafað eigið fé færast óbreytt frá fyrra ári. Fjárhæðir í rekstrarreikningi eru metnar á meðalgengi ársins. Mismunur sem myndast er færður á þýðingarmun meðal eigin fjár.

### Óráðstafað eigið fé

	<u>31.12.2021</u>	<u>31.12.2020</u>
Staða í upphafi árs.....	9.860.184	11.525.575
Hagnaður/(tap) ársins.....	<u>(8.044.016)</u>	<u>(1.665.391)</u>
Staða í lok árs.....	<u>1.816.168</u>	<u>9.860.184</u>

# Skýringar

## 14. Lántökur

	Skammtíamahluti		Langtíamahluti	
	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Lán frá fjármálastofnunum (i).....	0	50.000.000	50.000.000	0

### Lánasamningar

Í október 2021 endurfjármagnaði samstæðan lán sem nemur USD 50 milljónum frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum með sambankaláni í gegnum Þróunarbanka Kóreu (The Korea Development Bank). Vaxtatímabilin eru 3 mánuðir. Vextir eru greiddir á þriggja mánaða fresti en höfuðstóll lánsins er á gjalddaga í október 2024. Samstæðan á rétt á að greiða fyrirfram inn á lánið á hverjum vaxtagjaldaga. Lánið fellur til greiðslu ef hlutabréf í CCP ehf. eru seld eða samstæðan fær greiddan arð frá CCP ehf.

Afborganir langtímalána greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Næsta árs afborganir .....	0	50.000.000
Afborganir 2024 / 2023 .....	50.000.000	0
	<b>50.000.000</b>	<b>50.000.000</b>

# Skýringar

## 15. Frestuð tekjuskattsinnæign / (skuldbinding)

	2021	2020
Staða í upphafi árs .....	(10.864.433)	(12.939.843)
Reiknaður tekjuskattur .....	3.755.771	2.445.506
Þýðingarmunur .....	(83.308)	(230.838)
Aðrar breytingar .....	444.023	(139.258)
Staða í lok árs .....	<b>(6.747.947)</b>	<b>(10.864.433)</b>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

	Eignir	Skuldir	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	0	(1.293.638)	(1.293.638)
Óefnislegar eignir .....	0	(17.597.940)	(17.597.940)
Leiguskuldir .....	1.649.040	0	1.649.040
Aðrir liðir .....	12.177	(189.146)	(176.969)
Yfirfæranlegt tap .....	10.671.560	0	10.671.560
Tekjuskattsinnæign/(skuldbinding) samtals .....	12.332.777	(19.080.724)	(6.747.947)
Tekjuskattsinnæignir og skuldbindingar sem jafnast saman .....	(1.423.445)	1.423.445	0
	<b>10.909.332</b>	<b>(17.657.279)</b>	<b>(6.747.947)</b>

	Eignir	Skuldir	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	499	(1.343.757)	(1.343.258)
Óefnislegar eignir .....	0	(18.794.427)	(18.794.427)
Leiguskuldir .....	1.741.173	0	1.741.173
Aðrir liðir .....	30.300	(228.816)	(198.516)
Yfirfæranlegt tap .....	7.730.595	0	7.730.595
Tekjuskattsinnæign/(skuldbinding) samtals .....	9.502.567	(20.367.000)	(10.864.433)
Tekjuskattsinnæignir og skuldbindingar sem jafnast saman .....	(1.512.550)	1.512.550	0
	<b>7.990.017</b>	<b>(18.854.450)</b>	<b>(10.864.433)</b>

Yfirfæranlegt skattalegt tap þar sem tekjuskattsinnæign hefur ekki verið færð upp sundurliðast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Fyrnist aldrei .....	17.085.397	18.841.955

Í árslok 2021 færði samstæðan upp frestaða skatteign vegna USD 53.684.366 af ónotuðu yfirfæranlegu skattalegu tapi sem nýta má á móti skattalegum hagnaði í framtíðinni. Af þessu yfirfæranlega skattalega tapi fyrnast USD 47.153.220 á 10 árum eftir að til þess hefur stofnast og byrjar að fyrnast árið 2028 og er að fullu fyrnt árið 2031. Önnur yfirfæranleg töp fyrnast ekki.

# Skýringar

## 16. Frestaðar tekjur

Frestaðar tekjur greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Áskriftir .....	2.950.492	3.046.620
Seldir hlur í leikjum sem ekki hafa verið notaðir .....	4.075.423	3.980.926
	<b>7.025.915</b>	<b>7.027.546</b>

## 17. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Áfallnir vextir .....	168.304	192.410
Áfallið orlof .....	3.266.119	2.582.433
Laun og launatengd gjöld .....	319.335	652.807
Afdregin staðgreiðsla og lífeyrissjóður starfsmanna .....	1.473.503	1.182.685
Virðisaukaskattur .....	1.513.871	1.412.387
Aðrar skammtímaskuldir .....	0	107.653
	<b>6.741.132</b>	<b>6.130.375</b>

## 18. Fjármálagerningar

### Fjármagnsstýring

Stjórn samstæðunnar stýrir fjármagni til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi þess ásamt því að hámarka arðsemi hluthafa. Ekki hafa verið gerðar breytingar á stefnu samstæðunnar.

Fjármagn félagsins samanstendur af skuldum, þar með talið lánnum í skýringu 14 og eigin fé félagsins, þar með talið útgefið hlutafé og óráðstafað eigið fé samkvæmt skýringu 13.

### Áhættustýring

Stjórn samstæðunnar fylgist með og stýrir fjárhagsáhættum sem tengjast starfsemi samstæðunnar með greiningum á áhættum á mögulegum áhrifum þeirra. Þessar áhættur fela í sér markaðsáhættu (þar með talið gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðlagsáhættu), útlánaáhættu og lausafjárahættu.

Stjórn samstæðunnar leitast við að lágmarka áhrif áhættuþátta með því að stýra fjármagnssamsetningu, veltufé og viðskiptasamböndum. Samstæðan notar stundum afleiðusamninga til að verja sig gegn áhættu. Samstæðan nýtir fjármálagerninga og áhættuvarnir ekki í spákaupmensku.

### Markaðsáhætta

Stafsemi samstæðunnar felur helst í sér gjaldeyrisáhættu og vaxtaáhættu. Samstæðan leitast við að lágmarka áhætta með því að stýra samsetningu fjármagns og veltufé. Almenn stefna er að nota virkar gjaldeyrisvarnir þegar hægt er. Samstæðan nýtir stundum afleiðusamninga til að verja sig gegn áhættu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stýringu markaðsáhættu.



# Skýringar

## 18. Fjármálagæringar (framhald)

### Gjaldeyrisáhætta

Samstæðan verður helst fyrir áhrifum af völdum breytinga á tveimur gjaldmiðlum, ISK, EUR og GBP. Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ISK, EUR og GBP nam eftirfarandi fjárhæðum í USD á reikningsskiladegi:

	Nettó áhrif gjaldeyrisáhættu	
	31.12.2021	31.12.2020
ISK.....	(7.318.411)	(9.824.214)
EUR.....	102.672	(59.825)
GBP.....	3.933.432	2.411.204

### Gjaldeyrisáhætta - næmnigreining

Taflan hér að neðan sýnir hvaða áhrif 10% hækkun á gengi gjaldmiðla gagnvart USD hefðu á rekstrarreikning og eigið fé. Eignir og skuldir í næmnigreiningunni eru aðallega lántökur og bankainnstæður í öðrum gjaldmiðlum. Greiningin byggir á því að aðrir þættir en gengi gjaldmiðla séu óbreyttir og að fjárhæð hafi verið útistandandi allt árið. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa. Jákvæð fjárhæð er aukning á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi gjaldmiðla gagnvart USD hefði öfug áhrif á rekstrarreikning og eigið fé.

	ISK áhrif	EUR áhrif	GBP áhrif
2021.....	(731.841)	10.267	393.343
2020.....	(982.421)	(5.983)	241.120

### Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru á breytilegum vöxtum:

	Vegið meðaltal vaxta		
	31.12.2021	31.12.2020	
Lántökur á breytilegum vöxtum.....	1,57%	50.000.000	50.000.000

Greiningin að neðan sýnir áhrif 50 og 100 punkta breytinga á vöxtum á afkomu og eigið fé. Næmnigreiningin byggir á vaxtaáhættu gildandi vaxta á reikningsskiladegi miðað við að skuld hafi verið til staðar allt árið. Greiningin gerir einnig ráð fyrir að aðrir þættir séu óbreyttir og tekur ekki tillit til skattaáhrifa. Jákvæð fjárhæð merkir aukningu á hagnaði og eigin fé. Hækkun á vöxtum hefði öfug áhrif á afkomu og eigið fé.

	2021		2020	
	50 bps	100 bps	50 bps	100 bps
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	250.000	500.000	250.000	500.000

## 18. Fjármálagerningar (framhald)

### Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er áhættan á tapi fyrir samstæðuna ef mótaðili í fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar sem leiðir til taps fyrir félagið. Samstæðan hefur þá stefnu að eiga aðeins viðskipti við trausta mótaðila og afla viðeigandi veða þegar við á til að draga úr útlánaáhættu.

Útlánaáhætta veltusjóða er takmörkuð þar sem mótaðilar eru bankar með hátt lánshæfismat frá alþjóðlegum matsaðilum. Viðskiptakröfur eru að stórum hluta vegna krafna á greiðslumiðlanir og útlánaáhætta því bundin við greiðslumiðlunina en ekki einstaka viðskiptavini.

Hámarks útlánaáhætta samstæðunnar án tillits til veða er eftirfarandi:

	Hámarks útlánaáhætta	
	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur.....	4.694.687	4.429.628
Aðrar viðskiptakröfur.....	165.537	9.831
Handbært fé.....	19.807.902	28.307.630
	<b>24.668.126</b>	<b>32.747.089</b>

### Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er skilgreind sem áhættan af því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar samstæðunnar. Lausafjárstaða, þróun og áhrif markaða á samstæðuna er skoðuð reglulega. Áhersla er á að viðhalda nægjanlegum lausafjarmunum til að standa við greiðslur á afborgunum og vöxtum af lántökum. Samstæðan gerir greiningar á lausafjarmunum til að fylgjast með væntum útgreiðslum.

### Tafla yfir lausafjárahættu

Taflan hér fyrir neðan sýnir samningsbundnar greiðslur af fjárhagslegum skuldbindingu samstæðunnar. Taflan tekur saman ónúvirt sjóðstreymi skuldbindinganna miðað við fyrsta dag sem samstæðunni væri skylt að greiða.

	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðstreymi	Næstu 12 mánuðir	1-5 ár	5 > ár
<b>31 desember 2021</b>					
Viðskiptaskuldir.....	3.690.102	3.690.102	3.690.102	0	0
Lántaka.....	50.000.000	52.227.293	797.804	51.429.489	0
Leiguskuldir.....	10.357.455	12.834.894	2.036.931	6.747.387	4.050.576
	<b>64.047.557</b>	<b>68.752.289</b>	<b>6.524.837</b>	<b>58.176.876</b>	<b>4.050.576</b>
<b>31 desember 2020</b>					
Viðskiptaskuldir.....	8.097.674	8.097.674	8.097.674	0	0
Lántaka.....	50.000.000	50.759.101	50.759.101	0	0
Leiguskuldir.....	11.443.090	14.513.030	2.108.595	6.960.630	5.443.805
	<b>69.540.764</b>	<b>73.369.805</b>	<b>60.965.370</b>	<b>6.960.630</b>	<b>5.443.805</b>

# Skýringar

## 19. Viðskipti við tengda aðila

Pearl Abyss Iceland ehf. er að fullu í eigu Pearl Abyss Corp., Suður-Kóreu, sem er endanlegur eigandi félagsins. Dótturfélög samstæðunnar koma að þróun og rekstri leikja samstæðunnar og eru fjármöggnuð að fullu af móðurfélaginu. Stöður og viðskipti milli félaga inn samstæðunnar hafa verið jöfnuð út í samstæðunni og eru því ekki birt í skýringunni. Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæðir viðskipta við tengda aðila sem eru ekki hluti af samstæðunni og útistandandi stöður við þá í loka árs.

Viðskipti við tengda aðila á árinu og stöður í árslok 2021:

	Sala á vörum/þjónustu	Kaup á vörum/þjónustu	Vaxtagjöld	Kröfur á tengda aðila	Skuldir við tengda aðila
Pearl Abyss Corp. ....	0	0	242.197	0	245.000

Viðskipti við tengda aðila á árinu og stöður í árslok 2020:

	Sala á vörum/þjónustu	Kaup á vörum/þjónustu	Vaxtagjöld	Kröfur á tengda aðila	Skuldir við tengda aðila
Pearl Abyss Corp. ....	0	44.899	1.025.998	0	1.025.998

Útistandandi kröfur í árslok eru ótryggðar og ekki vaxtareiknaðar.

Dótturfélög samstæðunnar eru eftirfarandi :

Heiti	Eignarhlutur	Starfsemi
CCP ehf. ....	100%	Þróun hugverka
CCP Development ehf. ....	100%	Þróun hugverka
CCP North America Inc. ....	100%	Þróun hugverka
CCP Games UK Ltd. ....	100%	Þróun hugverka
CCP Asia Ltd. ....	100%	Eignarhaldsfélag
CCP Information Technology CO. Ltd. ....	100%	Þróun hugverka

## Viðskipti við lykilstafsmenn og stjórnendur

### Þóknanir til lykilstarfsmanna

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra sundurliðast þannig:

	2021	2020
Laun og hlunnindi.....	821.218	751.187
Eftirlaunahlunnindi.....	89.443	80.946
<b>Laun stjórnar og framkvæmdastjóra samtals</b>	<b>910.661</b>	<b>832.133</b>

Fjárhæðir að ofan eru þær fjárhæðir sem færðar eru til gjalda á árinu

## 20. Áhrif heimsfaraldurs COVID-19

Helstu viðbrögð samstæðunnar við heimsfaraldri COVID-19 hafa verið að tryggja það að skrifstofur hennar í Reykjavík, London og Shanghai haldi áfram að vera starfhæfar á meðan strangar sóttvarnareglur eru í gildi.

Skrifstofan í Shanghai var fyrst til að verða fyrir sóttvarnareglum seinni partinn í janúar 2020. Samstæðan brást við með því að tryggja að allir starfsmenn skrifstofunnar gætu unnið að heiman. Þetta leiddi til engra eða takmarkaðs lækkunar á framleiðni. Frá og með mars 2020 var skrifstofan í Shanghai aftur orðin að fullu starfrækt en heldur áfram að starfa með viðbótaröryggisráðstöfunum til að tryggja öryggi starfsmanna og lágmarka hættu á COVID-19 sýkingum. Skrifstofan var opin allt árið 2021.

Samstæðan byrjaði að undirbúa að starfsmenn á skrifstofu félagsins í Reykjavík gætu unnið að heiman skömmu eftir að fyrsta tilfellið af COVID-19 greindist á Íslandi snemma árs 2020. Viðbrögð samstæðunnar voru að fjárfesta í húsgögnum og vélbúnaði til að tryggja að allir starfsmenn gætu haldið áfram að vinna að heiman á meðan almennar sóttvarnareglur og samkomutakmarkanir voru í gildi. Sami undirbúningur átti sér stað í London þegar svipaðar takmarkanir og reglur voru innleiddar í Bretlandi. Þessi viðbrögð þýddu að árin 2020 og 2021 gátu allir starfsmenn haldið áfram að vinna þannig að engin eða takmörkuð lækkun varð á framleiðni á báðum skrifstofum. Samstæðan og starfsmenn hennar eru vel í stakk búnir til að vinna að heiman og búast stjórnendur ekki við að það hafi verulega neikvæð áhrif á reksturinn.

Stjórnendur gera ekki ráð fyrir verulegum neikvæðum áhrifnum af COVID-19 á fjárhag samstæðunnar. Á fyrsta ári faraldursins sá samstæðan aukningu í tekjum samhliða því að einstaklingar um allan heim vorðu meiri tíma og fjármunum í tölvuleiki á meðan samkomubann og sóttvarnareglur voru í gildi og á árinu 2021 hefur sá vöxtur jafnast út samhliða afléttingum á takmörkunum á heimsvísu. Það er aukakostnaður sem tengist því að tryggja að allir starfsmenn geti unnið að heiman frá sér, aðallega í formi viðbótar tækjabúnaðar og húsgagna. Þessi kostnaður hefur þegar fallið til á árinu 2020 þannig að það eru engin eða takmörkuð áhrif á árinu 2021.

## 21. Fjárfestingar án greiðsluáhrifa

Á árinu skráði samstæðan til eignar leigugeignir samkvæmt leigusamningum að fjárhæð USD 580.079 (2020: USD 8.748.712) og endurfjármanagði lántöku að fjárhæð USD 50.000.000 sem ekki kemur fram í yfirliti um sjóðstreymi.

## 22. Þóknun til endurskoðenda

Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2021	2020
Endurskoðun ársreiknings.....	125.615	123.455
Könnun á milliuppgjörom.....	25.694	21.790
Önnur þjónusta.....	56.539	27.906
	<b>207.848</b>	<b>173.151</b>